

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
1. fundur 2022 (109. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.02.2022 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Steinþór Einarsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru Friðfinnur Skaftason frá innviðaráðuneyti, sem sat allan fundinn, og frá Isavia undir 1. lið Elín Árnadóttir, Stefán Jónsson og Páll Svavar Pálsson.

1. Fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar með Isavia: Framtíðarsýn í skipulagsmálum Keflavíkurflugvallar. Masterplan og fleira

Formaður skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar setti fund og sagði að leiðarljós nefndarinnar í vinnu sinni hefði verið að horfa til mjög langs tíma varðandi þróun flugvallarins. Elín Árnadóttir fór yfir helstu þætti er vörðuðu framtíð vallarins, meðal annars að nú væri í gangi vinna með Kadeco í samstarfi við sveitarfélögin um framtíðarskipulag.

Eftirfarandi atriði komu m.a. fram í umræðunni:

- Ný þróunaráætlun fyrir flugvöllinn er í vinnslu
- Heildarumhverfismat fyrir framkvæmdir á flugvellingum er í lokavinnslu
- Gott samráð er við Suðurnesjabæ um nýja NS flugbraut og mannvirki utan brautar í tengslum við hana
- Er áhugi hjá Isavia að taka í notkun NA/SV brautina?
- Í vinnslu er aðgerðaáætlun um orkuskipti fyrir tæki á flugvellingum
- Byggðin er að færast nær flugvellingum og flugvöllurinn er í einstaka tilvikum líka að færast nær byggðinni
- Flugvöllurinn er borgaralegur flugvöllur en að nokkru leyti líka með hernaðarlega starfsemi. Hver verður þróun hennar?
- Flugferlar og samráð við sveitarfélögin vegna hávaðamengunar
- Hávaðamælingar við Ásbrú og Háaleitishlað
- Hvassahraunsmælingar standa yfir út þetta ár og úrvinnsla fer fram á því næsta

2. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir ákvörðun um endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja. Eftirfarandi atriði koma þar til skoðunar skv. fundargerð 27. fundar svæðisskipulagsnefndarinnar frá 13.01.2022:

- Íbúáþróun
- Atvinna
- Auðlindir
- Veitur og samgöngur
- Samfélag
- Loftslagsmál

3. Fálkavöllur 7 og Fálkavöllur 13 – breyting á deiliskipulagi frágengin

Með auglýsingu í B- deild Stjórnartíðinda, útgáfudegi 27.12.2021, tók ofangreind breyting á deiliskipulagi gildi.

4. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag á Ásbrú

Lagt var fram erindi skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, dags. 21.01.2022, þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu fyrir Samfélagsás, skóla og samkomusvæði á Ásbrú.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Guðlaugur H. Sigurjónsson vék af fundi undir þessum lið.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 14. mars 2022 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx